

29

27. júní

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu húsnæði
í sveitum og kaптúnum o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu öll skólahús, fundahús, þinghús og annað nothæft húsnæði í sveitum og kaптúnum, til þess, ef nauðsyn krefur, að gera þessi hús að dvalarstöðum fyrir börn og mæður þeirra, þeim til öryggis. Einnig er ríkisstjórninni heimilt að taka á leigu flutningatæki, sem með þarf til að koma börnunum og mæðrum þeirra að og frá ákvörðunarstað.

2. gr.

Ef samkomulag næst ekki við eigendur eða leigjendur húsa og farartækja þeirra, sem um getur í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka þau leigunámi. Um framkvæmd leigunáms samkvæmt þessari grein skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

30

27. júní

L Ö G

um fjarskipti.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkja orðin:

Fjarskipti: það, sem nefnt er „Télécommunication“ í alþjóðafjarskiptasamningnum (Convention Internationale des Télécommunications, Madrid 1932), og þýðir hvers konar fjarflutning tákna, merktar, skriftar, mynda og alls konar hljóða eftir virum, rafgeislum (radio) eða með öðrum kerfum eða aðferðum, hvort sem eru rafmagns eða sjónmerkja (semafor).